

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð
Ágústu Jónatansdóttur og Daníels Jónatanssonar, nr. 577/1988.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrír menn:

1. Sveitarstjóri Húnaþings vestra eða fulltrúi sem hann skipar, sem verður formaður stjórnar.
2. Einn stjórnarmaður skal vera tilnefndur af Skógrækt ríkisins.
3. Einn stjórnarmaður skal vera einn af niðjum Ágústu og Daníels, í fyrstu Jónatan, sonur þeirra, sem tilnefnir varamann fyrir sig. Er Jónatan fer úr stjórninni tekur varamaðurinn sæti aðalmanns í stjórninni og tilnefnir varamann sinn og eftirmann og svo koll af kolli.

Húnaþing vestra tekur við fjárreiðum sjóðsins úr höndum sýslumannsins á Norðurlandi vestra þann 1. janúar 2021.

Á stjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða stjórnarmanna við kosningu um afgreiðslu einstakra málefna.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ágústu Jónatansdóttur og Daníels Jónatanssonar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. janúar 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.